

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

668. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 8. nóvember 2010 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við fulltrúa Landssambands slökkviliðs og sjúkraflutningamanna.
3. Aðalfundarboð Grettistaks ses.
4. Erindi Eiríks Gíslasonar.
5. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
6. Bréf forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir verkstöðu helstu framkvæmda.
2. Fulltrúar Landssambands slökkviliðs-og sjúkraflutningamanna, Valdimar Leó Friðriksson, Sverrir Björn Björnsson og Jón Sólmundarson eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Ítrekuðu þeir kröfu sína um greiðslu stéttarfélagsgjalda starfsmanna slökkviliðs Húnaþings vestra og tóku fram að það jafngildi ekki skuldbindingu um að fara að ákvæðum kjarasamnings milli Launanevndar sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs-og sjúkraflutningamanna.
3. Lagt fram aðalfundarboð Grettistaks ses. sem haldinn verður 24. nóvember n.k.kl 17:00 í Hlöðunni á Hvammstanga. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
4. Lagt fram bréf Eiríks Gíslasonar dags. 25. október s.l. um kostnað við götulýsingu á vegi 701 frá Smáragili að Staðarflöt. Byggðarráð hafnar erindinu.
5. Lögð fram til kynningar bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 29. október s.l. annars vegar um áætlaða úthlutun aukaframlaga 2010 og hins vegar um áætlað tekjujöfnunarframlag ársins 2010. Áætlað aukaframlag til Húnaþings vestra árið 2010 er kr. 18.029.981 og áætlað tekjujöfnunarframlag er kr. 53.485.765. Tekjujöfnunarframlag er í samræmi við áætlun 2010. Ekki var gert ráð fyrir aukaframlagi við gerð áætlunar 2010.
6. Lagt fram fundarboð frá framkvæmdastjórn HVE, þar sem fulltrúum sveitarstjórna í umdæmi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands er boðið á upplýsinga-og samráðsfund miðvikudaginn 17. nóvember n.k. kl. 15:00 að Hótel Hamri, Borgarnesi.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:55

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Áheyrnarfulltrúi:

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari